Ferðafréttir – 2. tölublað, 1998

12. Vestnorden ferðakaupstefnan
Aukið framboð afþreyingar
Vestnorden ferðakaupstefnan er haldin dagana 17.-18. september nk í Laugardalshöllinni í Reykjavík. Þetta er 12. sinn sem þessi kaupstefna er haldin, en annað hvert ár er kaupstefnan hér á landi, þess í milli til skiptis í Færeyjum og á Grænlandi. Þátttaka er mjög góð að þessu sinni, um 160 sýnendur og um 120 fyrirtæki kaupenda höfðu skráð sig þegar Ferðafréttir fóru í prentun. Fjöldi kaupenda er frá þeim mörkuðum sem Ferðamálaráð er að vinna á, einnig nýir kaupendur m.a. frá Bandaríkjunum og Kanada. "Við gerum ráð fyrir að töluverð áhersla verði lögð á nýtt framboð í ferðaþjónustu og að menn verði tilbúnir með sína bæklinga og verð á Vestnorden, við vitum nú þegar að fleiri afþreyingarfyrirtæki taka þátt og að framboð afþreyingar verður meira en áður," sagði Haukur Birgisson markaðsstjóri Ferðamálaráðs í samtali við Ferðafréttir. "Vestnorden ferðakaupstefnan er tilvalin til þess einmitt að kanna áhuga á nýjum ferðamöguleikum og skiptast á skoðunum við kaupendur. Hún er einnig góður vettvangur til þess að kanna markað þessara þriggja landa í sameiningu og hvernig þeir geta tengst. Sérstakt ánægjuefni nú er, að Vestnorden er haldin í Reykjavík, þar sem borgin verður ein menningarborga Evrópu árið 2000 og það gæti gefið okkur aukna möguleika," sagði Haukur. Framkvæmdaraðili Vestnorden ferðakaupstefnunnar að þessu sinni er ferðaskrifstofan Samvinnuferðir Landsýn.

Ferðamálaráðstefnan 1998 með nýju sniði:
Nútíð og framtíð ferðaþjónustunnar
Hin árlega ráðstefna Ferðamálaráðs Íslands verður haldin á Fosshótel KEA á Akureyri dagana 8. og 9. október nk. Ráðstefnan verður með nýju sniði að þessu sinni, framsaga og umræður fara fram á tveimur pallborðum, hvoru sinn daginn, og taka 6 sérfræðingar, hver á sínu sviði, þátt í hvoru pallborði.

Ráðstefnan hefst kl. 13.00 fimmtudaginn 8. október og flytja þá Halldór Blöndal samgönguráðherra og Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri á Akureyri ávörp. Að þeim loknum hefjast umræður við fyrra pallborðið. Þær bera yfirskriftina Staða og framtíð íslenskrar ferðaþjónustu. Áætlað er að pallborðsumræðum ljúki um kl. 15 og verða fyrirspurnir að þeim loknum. Umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs 1998 verða síðan afhent kl. 16.00 að loknu kaffihléi. Þessi verðlaun hafa unnið sér virðingarsess á liðnum árum, enda hefur verið vandað til vals verðlaunaþega. Þótt ráðstefnan sé með nýju sniði verður einn þáttur hennar þó á sínum stað sem fyrr, það er að segja hin ómissandi óvissuferð í boði heimamanna sem verður nú, eins og ávallt, helguð sérstöðu héraðsins en að öðru leyti ekki látið uppi hver ferðaáætlunin er.

Tómas Guðmundsson forstöðumaður Ferðamálaskrifstofu Akureyrar hefur annast undirbúning ferðarinnar og sagði í samtali við Ferðafréttir að hann gæti lofað þátttakendum að þessi óvissuferð muni standa undir nafni. "Við erum með mikla ævintýramenn með okkur að skipuleggja þetta, þá feðga í Kálfsskinni, og vitaskuld eitthvað til að krydda bragðlaukana og búa þá undir hinn glæsilega kvöldverð sem síðan tekur við í boði Eyfirðinga," sagði Tómas. Síðari pallborðsumræður ráðstefnunnar hefjast síðan kl. 10.00 á föstudeginum 9. október. Þær bera yfirskriftina Tækifæri og nýjungar í ferðaþjónustu við þröskuld nýrrar aldar. Að loknu hádegishléi kl. 13.30 hefjast almennar umræður og afgreiðsla ályktana og ráðstefnuslit eru áætluð kl. 15.30. Ráðstefnustjórar verða Arnar Páll Hauksson forstöðumaður RÚVAK og Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri á Grenivík. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofum Ferðamálaráðs á Akureyri og í Reykjavík.

Erlendir ferðamenn 14% fleiri
Fjölgun erlendra ferðamanna á Íslandi er um 22.000 fyrstu átta mánuði ársins miðað við sama tíma í fyrra, eða um 14%. Í ágústmánuði síðastliðnum komu alls 37.350 erlendir ferðamenn til landsins samanborið við 32.585 í ágúst í fyrra. Fjölgunin í ágúst er því 4.765 ferðamenn, eða um 14,6% miðað við sama mánuð í fyrra. Flestir hinna erlendu gesta í ágúst komu frá Þýskalandi, 7.503. Frá Bandaríkjunm komu 4.976, frá Bretlandi 3.372 og frá Ítalíu 2.802.

Magnús Oddsson ferðamálastjóri segir ýmsar skýringar á þessari hagstæðu þróun. "Við njótum þess í Bandaríkjunum og á Bretlandi að gjaldmiðillinn er sterkur, sem þýðir aukin ferðalög. Sætaframboð hefur aukist inn á helstu markaði. Þar má nefna að áætlunarstöðum hefur verið fjölgað í Bandaríkjunum og bætt við ferðum á Ítalíu, þar sem starfsmaður hefur verið á staðnum í nokkur ár og vinna því verið aukin á markaðnum. Þá höfum við framfylgt þeirri stefnu að auka fjölmiðlatengsl og það hefur skilað sér í aukinni fjölmiðlaumfjöllun um Ísland. Auðvitað kemur margt fleira til, en þetta eru trúlega einna veigamestu atriðin," sagði Magnús.

Fjöldi erlendra ferðamanna frá nokkrum löndum, janúar - ágúst

	1997	1998	Breyting	
			Fjöldi	%
Heildarfjöldi:	156.440	178.274	21.834	13,9
Danmörk:	15.148	17.486	2.338	15,0
Noregur:	11.869	14.263	1.394	12,0
Svíþjóð:	14.025	14.681	656	5,0
Bandaríkin:	22.905	28.169	5.264	23,0

Fundur með ferðamálafulltrúum á Akureyri
Skrifstofa Ferðamálaráðs á Akureyri hélt fræðslu- og umræðufund með ferðamálafulltrúum 8. maí sl. í húsnæði skrifstofunnar á Strandgötu 29. Meginþemu fundarins voru hlutverk ferðamálafulltrúa og þær væntingar sem atvinnugreinin gerir sér til þeirra.

Kynnt var starfsemi Ferðamálaráðs á Akureyri og þáttur hins opinbera í íslenskri ferðaþjónustu. Rætt var hlutverk ferðamálafulltrúa frá sjónarhóli veitingamanns, hótelstjóra og afþreyingarsala. Farið var yfir hvað áunnist hefði í íslenskri ferðaþjónustu á undanförnum árum, þátt ferðamálafulltrúans í uppbyggingu greinarinnar á svæðum viðkomandi og stöðu ferðaþjónustunnar í augum þátttakanda. Þá voru flutt erindi um ferðaþjónustuna eins og utanaðkomandi sér hana og hver æskileg þróun væri og loks um stöðu greinarinnar gagnvart öðrum atvinnugreinum í augum fjölmiðla. Almennar umræður voru að loknum framsöguerindum.

Að sögn Elíasar Bj. Gíslasonar forstöðumanns skrifstofunnar á Akureyri var fundurinn vel sóttur og umræður gagnlegar. Hann segir engan vafa leika á að fundir sem þessir komi ferðamálafulltrúum og atvinnugreininni heima í héruðum þeirra að miklu gagni, enda fá menn þarna beint í æð sjónarmið mismunandi hagsmunaaðila og eigi kost á að ræða þau og gera sér gleggri grein fyrir hvaða kröfur séu gerðar til starfa þeirra.

Hveralaug vinsælasta afþreyingin

Þekkingin getur gert alla starfsemi markvissari og um leið hagkvæmari og verið þannig lykill að velgengni fyrirtækisins

Heilsárskönnun Ferðamálaráðs hefur nú staðið full tvö ár og eru komnar niðurstöður fram til loka maímánaðar síðastliðins, þ.e. annars vetrartímabils. Á könnunartímabilinu (september 1997-maí 1998) fóru 100.332 ferðamenn frá landinu. Þar af fóru 45.531 fyrri hluta vetrar og 54.801 síðari hluta vetrar. Könnunin náði til 2.902 svarenda. Til samanburðar fóru 89.768 ferðamenn yfir vetrarmánuðina 1996-1997 og náði könnunin þá til 2.212 ferðamanna.

Spurt er á sex tungumálum: Dönsku, ensku, þýsku, frönsku, ítölsku og spænsku. Úrtakið er tekið við brottför úr landinu og unnið reglulega úr niðurstöðunum sem síðan er dreift til áskrifenda.
Könnunin veitir mjög fjölbreyttar upplýsingar um ferðamennina sem hingað koma, væntingar þeirra og mat á reynslu sinni af landinu og þeirri þjónustu sem þeir kaupa hér á meðan þeir dvelja í landinu. Meðal upplýsinga sem könnunin veitir eru þjóðfélagsstaða og menntun, tekjur, aldurs- og kyngreining, hvaðan hugmyndin að ferðalaginu kom, ákvörðunarferlið um ferðina, hvaðan fengust upplýsingar um Ísland, tilgangur ferðar, lengd dvalar, útgjöld og mat ferðamannanna á þeirri afþreyingu sem er í boði.

Dæmi um athyglisverðar niðurstöður eru svör um afþreyingu. Þar kemur fram að vinsælasta afþreyingin er að skoða/baða sig í hveralaug, hvort sem spurt var hvaða afþreyingar ferðamanninum hafi þótt mest til koma eða hvaða afþreyingu hann setti í fyrsta sæti. Náttúruskoðun var næstvinsælust, einnig í báðum tilvikum. Þetta tvennt skar sig áberandi úr sem vinsælustu afþreyingarkostirnir (sjá töflu).

Annað dæmi er um svör við spurningunni um hvaðan upplýsingar hafi fengist um Ísland. Sem fyrr fá flestir upplýsingarnar frá ferðaskrifstofum eða úr bæklingum, frá vinum og ættingjum eða hjá Flugleiðum hf. Ein umtalsverð breyting hefur þó orðið á svörum frá vetrinum 1996-1997: Hlutfall þeirra sem fá upplýsingarnar á Internetinu hefur hækkað úr 14,4% í 22,2% síðari hluta vetrar 1998 og fer það hlutfall ört hækkandi.

Umsjón með könnun Ferðamálaráðs hefur Oddný Óladóttir landfræðingur. Nánari upplýsingar um áskrift o.fl. eru veittar á skrifstofum Ferðamálaráðs.

Afstaða ferðamanna til afþreyingar á Íslandi
Hvaða afþreying var sett í fyrsta sæti?

Hveralaug	44,8%	Hveralaug	26,3%
Náttúruskoðun	39,6%	Náttúruskoðun	25,1%
Skemmtist./barir	13,2%	Jöklaferð	6,9%
Hestbak	12,5%	Ýmsar sk.ferðir	6,5%
Sund	12,4%	Gullni hringurinn	6,2%
Jöklaferð	11,2%	Hestbak	5,9%
Gullni hringurinn	10,6%	Sund	4,7%
Söfn/tónl./leikhús	9,6%	Skemmtist./barir	4,1%
Ýmsar sk.ferðir	9,3%	Söfn/tónl./leikhús	2,7%
Fjallganga	4,2%	Fjallganga	2,7%

Öld öfganna að renna upp
Ferðamálastofnun Sameinuðu þjóðanna (World Tourism Organization, WTO) hélt ráðherrafund um úthafið og nýjar víddir í ferðamennsku í tengslum við Heimssýninguna í Portúgal dagana 3-4 júní síðastliðinn. Þar kom fram athyglisverð sýn á framtíðina hvað ferðaþjónustu varðar. Fram kom að búist er við að ferðamönnum í heiminum fjölgi úr 612 milljónum komufarþega yfir landamæri árið 1997 í yfir 1.000 milljónir árið 2010 og yfir 1.600 milljónir árið 2020. Þarna spáðu menn því, að ýmsir ferðamöguleikar sem sumir eru rétt að byrja að þróast í dag verði ráðandi á næstu öld, svo sem græn ferðamennska, siglingar, vatnasport og ferðalög á pólsvæðin, um eyðimerkur og hitabeltisregnskóga.

Þrjú einkennisorð voru sett fram um ferðamennsku 21. aldarinnar: Hæst til fjalla, dýpst í hafi og endimörk veraldarinnar.

Hæst til fjalla: Nú þegar er mögulegt að fara í skipulagðar ferðir á hæstu fjallatinda heimsins og spáð er að þessi ævintýramennska muni breiðast enn frekar út næstu áratugi. Dýpst í hafi: Síðan 1985 hafa 46 ferðamannakafbátar verið teknir í notkun í heiminum og 1996 fóru fleiri en tvær milljónir farþega í ferðir með þeim. Tekjurnar af starfseminni eru áætlaðar um 147 milljónir Bandaríkjadollara, eða um 10,5 milljarðar króna. Spáð er að þróunin verði í átt til meira útsýnis úr kafbátunum þannig að ferðamennirnir eigi auðveldara með að skoða djúpin. Endimörk veraldarinnar: Suðurskautslandinu er spáð bjartri framtíð hvað vaxandi fjölda ferðamanna varðar. Í fyrra fóru þangað um 10.000 ferðamenn sem greiddu fyrir ferðina á bilinu 650-1.150 þúsund krónur.

Á sama tíma og fjöldi ferðamanna í afþreyingarferðum eykst hratt á næstu öld samkvæmt spá WTO, mun það gerast að minni og minni tími verður til ferðanna. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar, sem kynnt var á ráðherrafundinum, verður 21. aldar ferðamaðurinn "fátækur af tíma og ríkur af fé" og þess vegna munu ferðamenn leita eftir "hámarksspennu á lágmarkstíma."
Því er jafnframt spáð að þessi þróun muni verða mikil lyftistöng fyrir skemmtigarða og einnig skemmtiferðaskip, þar sem farþegar geti heimsótt marga áfangastaði í einni stuttri ferð.
Hér hafa sést ferðir sem virðast vera dálítið í ætt við þetta, svo sem jöklaferðir og í ljósi þessarar framtíðarsýnar WTO væri kannski ekki úr vegi fyrir íslenska ferðaskipuleggjendur að blása nýju lífi í ferðir á borð við "Seven Wonders, seven days"?

Landkynningarbæklingur Ferðamálaráðs 1999:
Breytt efnistök og nýtt útlit
Landkynningarbæklingur Ferðamálaráðs Íslands 1999 kemur út með breyttu sniði nú í október næstkomandi. Hönnun er tekin upp og fær bæklingurinn nýtt útlit. Aukin áhersla er á umfjöllun um afþreyingarmöguleika og kafli er um ferðaþjónustu utan háannatíma. Heföbundin umfjöllun er um sögu og náttúru landsins og upplýsingasíðurnar eru á sínum stað.

Útgáfa bæklingsins var boðin út fyrr á árinu og á grundvelli tilboða var samið við Nesútgáfuna um framkvæmdina. Haukur Birgisson markaðsstjóri Ferðamálaráðs ritstýrir bæklingnum og Einar Matthíasson hefur umsjón með verkinu af hálfu Nesútgáfunnar. Einar segir útlitsbreytingu unna í nánu samráði við starfsmenn Ferðamálaráðs, sem og aðrar breytingar. Myndum er fjölgað frá fyrri útgáfum og aukið rými er nú tekið undir umfjöllun um afþreyingarmöguleika á Íslandi. Meiri áhersla er lögð á að tengja náttúruna því sem hægt er að gera hér. Nefna má sem dæmi tengingu náttúrufræði jökla og afþreyingar í ferðum á jökla. Áfram er heföbundin umfjöllun um náttúru og sögu landsins og kafli er um "off season" ferðamennsku, utan háannatíma. Landshlutum eru gerð skil um leið og helstu ferðamannastaðir þeirra eru nefndir til sögunnar.

Nesútgáfan hefur um langt skeið verið umsvifamikil í útgáfu rita um ferðaþjónustu á Íslandi, þ. á m. upplýsingaritsins Around Iceland, sem komið hefur út árlega síðan 1976. Einar segir heildarútgáfu fyrirtækisins nema um 600 þúsund eintökum á ári, sem dreift er ókeypis til viðtakenda. Nesútgáfunni voru veitt fjölmiðlaverðlaun Ferðamálaráðs Íslands 1994.

Landkynningarbæklingurinn 1999 er 44 síður, að meðtöldum upplýsingasíðum. Hann verður á 9 tungumálum og heildarupplag 300 þúsund eintök. Hann fer strax í markvissa dreifingu í gegn um skrifstofur Ferðamálaráðs í Frankfurt og New York, ferðaheildsala, Flugleiðir hf og á öllum sýningum og kaupstefnum sem Ferðamálaráð tekur þátt í, auk póstsendinga. Bæklingurinn er ætlaður almenningi á helstu markaðssvæðum Íslands í Evrópu og N-Ameríku.

Dreifing bæklinga
Ferðamálaráð dreifir árlega um hálfri milljón bæklinga fyrir ferðaþjónustuna. Kaupendur bæklingadreifingar Ferðamálaráðs eru nú á annað hundrað fyrirtæki, stofnanir og sveitrfélög sem hagnýta sér þessa þjónustu til þess að koma boðskap sínum á framfæri. Viðtakendur skipta hundruðum um allan heim.

Á Íslandi eru 11,5 bílar á hvern km vegakerfis. Flestir bílar á hvern km eru í Hong Kong, 276. Í Þýskalandi eru þeir 66,5, Bandaríkjunum 31,8 og fæstir eru í Bangladesh, 0,5 bílar á hvern km.

Fleiri blaðamenn
Mjög mikið hefur verið um heimsóknir fjölmiðlafólks nú í sumar og þótt nákvæmar talningar liggi ekki fyrir með samanburði á milli ára, telur starfsfólk Ferðamálaráðs óhætt að fullyrða að fleiri blaðamenn og aðrir fjölmiðlamenn hafi komið hingað en nokkru sinni áður í því skyni að greina frá landi og þjóð í fjölmiðlum sínum. Mikill tími starfsmanna fer í að sinna þessum heimsóknum. Honum er hins vegar vel varið og er áhersla lögð á að sinna þeim eins vel og kostur er, enda eru heimsóknir fjölmiðlafólks einhver ódýrasta og besta landkynning sem völ er á.

Að sögn Magnúsar Oddssonar ferðamálastjóra hafa viðbrögð fólks í ferðaþjónustunni um allt land verið afar góð, þegar óskað hefur verið eftir samvinnu við móttöku fjölmiðlamanna. "Þessi kynning er, eins og oft hefur verið bent á, ákaflega mikilvæg. Það sést best á því að samkvæmt könnunum fá yfir 20% okkar gesta fyrstu hugmynd að ferð til Íslands úr fjölmiðlaumfjöllun af einhverju tagi," sagði Magnús.

Sýningar vetrarins erlendis
Helstu sýningar sem Ferðamálaráð Íslands tekur þátt í erlendis næstu misseri eru þessar:

1998
24.-27. september
Top Resa · Deauville · Frakkland
Fagsýning, ætluð fyrir ferðaheildsala og -skrifstofur.

16.-19. nóvember
World Travel Mart · London · England
Fagsýning og fyrir almenning. Ætluð fyrir ferðaheildsala,
-skrifstofur, stærri ferðaþjónustufyrirtæki eins og hótel og afþreyingarmöguleika. Nú eins og í fyrra er Ferðamálaráð með
sameiginlegan bás með hinum Norðurlöndunum, sem auðveldar Íslendingum að koma sér á framfæri og verða mun sýnilegri.

30. nóv.-2. des.
Road Show · Osló-Bergen-Stavanger · Noregur
Farandsýning/-kaupstefna í þessum þremur borgum haldin
sameiginlega af samstarfslöndum Vestnorden, þ.e. Íslandi,
Færeyjum og Grænlandi. Eingöngu fyrir ferðaheildsala.

1999
12.-17. janúar
Vakantebeurs · Utrecht · Holland
Ferðasýning, aðallega fyrir almenning.

27.-31. janúar
FITUR · Madrid · Spánn

Fagsýning, ætluð fyrir ferðaheildsala og -skrifstofur.
Ferðamálaráð verður þar í samstarfi við Dani og Svía.

24.-28. febrúar
BIT · Milanó · Ítalía
Fagsýning einnig fyrir almenning. Ört vaxandi markaðssvæði.

6.-10. mars
ITB · Berlín · Þýskaland
Alþjóðleg ferðasýning, bæði fagsýning og fyrir almenning.
Nú verða tveir dagar sýningarinnar eingöngu fyrir fagfólk.

25.-28. mars
TUR · Gautaborg · Svíþjóð
Með stærri ferðasýningum í Skandinavíu. Fyrstu tveir dagarnir eru eingöngu ætlaðir fagfólki, síðustu dagarnir einnig opnir fyrir almenning.

10.-12. maí
Nordic Overseas Workshop · Kaupmannahöfn · Danm.
Þátttaka er sameiginleg með hinum Norðurlöndunum. NOW er
haldin sameiginlega af Norðurlöndunum ásamt norrænu flugfélögunum Flugleiðum, Finnair og SAS.
Kaupendur koma frá fjærmörkuðum: Asíu, Bandaríkjunum, Kanada, Suður Ameríku og öðrum fjarlægum markaðssvæðum. Síðast í Reykjavík 1991.

Auk þessara sýninga og kaupstefna tekur Ferðamálaráð þátt í fjölda staðbundinna sýninga í gegn um skrifstofur sínar í Frankfurt og New York.

Nánari upplýsingar veitir Haukur Birgisson markaðsstjóri Ferðamálaráðs.

Skipuleggjendur í heimsókn hjá Ráðstefnuskrifstofu Íslands:
Hér vantar fimm stjörnu hótel

Ráðstefnuskrifstofa Íslands, sem vistuð er hjá Ferðamálaráði á skrifstofunni í Reykjavík, stóð í vor fyrir því að fá ráðstefnuskipuleggjendur frá Bretlandi í heimsókn hingað til þess að kynna sér aðstæður til afþreyingar, ráðstefnu- og fundahalds. Þegar hefur einn hópur komið og von er á tveimur til viðbótar í haust.

Hákon Þór Sindrason rekstrarhagfræðingur er verkefnisstjóri Ráðstefnuskrifstofunnar. Hann sagði í samtali við Ferðafréttir að skipuleggjendurnir létu ágætlega af aðstöðunni hér, en gerðu þó þá athugasemd að hér skorti íburðarmeira hótel, það er fimm stjörnu hótel á heimsmælikvarða.
Hákon segir stöðugan vöxt vera í ráðstefnu- og fundahaldi hér, en samkeppnin sé hörð. Einkum keppum við um fundina við annað hvort eitthvert Norðurlandanna, aðallega Noreg og Finnland, eða eitthvert suðlægt land. Gjarnan sé stillt upp slíkum valkostum þegar kemur til ákvörðunar um fundarstað, það er val um tvö norðurlandanna og eitt suðlægt land. Þá segir hann samkeppnina einnig vera sterka frá heimalandi ráðstefnuhaldara.

Kynningarefni Ráðstefnuskrifstofunnar er nú í endurskoðun og vinna er að hefjast við endurgerð bæklings og myndbandsspólu og fleira kynningarefnis skrifstofunnar. Upplýsingastreymi til aðildarfélaga skrifstofunnar hefur einnig verið aukið.

Ráðstefnuskrifstofan tekur reglulega þátt í hinum árlegu kaupstefnum ráðstefnuhaldara í Genf og London og í janúar tekur Ráðstefnuskrifstofan þátt í kaupstefnu í Stokkhólmi í fyrsta sinn.

18 m. kr. til umhverfisverkefna
Ferðamálaráð varði rúmlega 18 milljónum króna til umhverfisverkefna í sumar. Þar af voru 14,5 milljónir samkvæmt fjárveitingu Alþingis til úrbóta á fjölsóttum ferðamannastöðum. Stærstu verkefnin í sumar voru við Kerið, Eiríksstaði, Látrabjarg og Laufás í Eyjafirði. Að venju voru veittir styrkir til fjölda verkefna, einkum til að bæta aðgengi og snyrtiaðstöðu. Meðal verkefna sem hafa verið styrkt er gerð göngustígs að listaverkum Páls Guðmundssonar, sem hann hefur höggvið í grjót í Bæjargili við Húsafell. Á myndinni er steinn með andliti eftir Pál nærri veginum frá Kaldadal að Húsafelli.

Boðar Evró betri tíð?
Svar ferðamálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, WTO, við þessari spurningu er einfaldlega "já" ef það er

dregið saman í eitt orð. Stofnunin hélt ráðstefnu um hinn nýja samevrópska gjaldmiðil í maí sl. og hefur gefið út skýrslu um áhrif Evrósins. Skýrslan heitir "The Euro: Impact on Tourism."
Haft er eftir framkvæmdastjóra WTO, Francesco Frangialli, að umskiptin yfir í sameiginlegan gjaldmiðil hafi marga kosti í för með sér, en aðeins einn hugsanlegan ókost - það verður ógerlegt fyrir ríki á Evró-svæðinu að lækka gengi gjaldmiðils síns til þess að stuðla að auknum fjölda erlendra gesta.

Fram kom á ráðstefnunni að hinir fyrstu sem hagnast á sameiginlegu myntinni verði neytendur og var vísað til fyrrnefndrar skýrslu. Ferðamenn geta ferðast um Evrópu og reyndar heiminn allan með einn gjaldmiðil og þurfa hvergi að skipta. Þetta eykur öryggi ferðamannanna, þar sem þeir þurfa síður að bera á sér stórar upphæðir í mörgum gjaldmiðlum og verða síður auðveld fórnarlömb vasaþjófa.

WTO segir að ekki sé ástæða til að óttast að við myntbreytinguna muni verðlag hækka á einstökum mörkuðum þar sem verðlag hefur verið stöðugt og verðbólgustigið lágt í Evrópu. "Evrópa er að skapa í einum áfanga annað myntsvæði sem að efnahagslegu afli gæti orðið jafnsterkt Bandaríkjunum," er haft eftir Peter Keller, ferðamálastjóra Sviss og formanni Evrópunefndar WTO. "Myntbandalagið mun skapa eitt myntsvæði af stærðargráðu sem áður var óhugsandi.

Fjörutíu prósent alþjóðlegrar ferðamennsku verður á þessu Evró svæði. Í grimmri alþjóðasamkeppni ferðaþjónustunnar, verður Evróland sterk söluvara," sagði hann í fréttabréfi WTO (júlí-ágúst 1998). Gert er ráð fyrir að sameiginlega myntin muni auka samkeppni innan Evrópu og styrkja Evrópu í samkeppninni við önnur svæði heimsins. Stöðugleiki muni komast á í ríkari mæli en áður og verðskyn ferðamanna verði gleggra en nokkru sinni þar sem aldrei þarf að umreikna verð á milli svæða, ríkja eða héraða í Evrópu.

Íslensk ferðaþjónusta mun verða þessa vör, bæði hvað varðar verðskyn kaupenda, en ekki síður að stór þáttur gengisáhættu hverfur, þar sem ekki skiptir lengur máli hvort verið er að gefa upp verð til kaupenda í Þýskalandi, Frakklandi eða Hollandi svo dæmi séu tekin, gengisáhættan verður alls staðar eins. Síðan er spurning um hvernig íslensk yfirvöld halda á málum, hvort krónan verður með einhverju móti tengd Evróinu, sem mundi taka gengisáhættu alveg út úr dæminu gagnvart Evrópulöndum.

Strax í ársbyrjun 1999 verður gengi Evrósins ákveðið, peningar settir í umferð og rafrænar greiðslur mögulegar. 1. júlí 2002 verður Evróið eini gjaldmiðillinn á sameiginlega myntsvæðinu.

Bandaríkjamarkaður:
Aukning áttunda árið í röð

Áttunda árið í röð fjölgar bandarískum ferðamönnum sem koma til Íslands og ekkert lát er á, í ágústmánuði síðastliðnum voru bandarískir ferðamenn 30% fleiri en sama mánuð í fyrra. "Enginn annar markaður hefur komið jafn vel út fyrir Ísland og ég tel að ekkert annað land hafi náð átta árum í röð með aukningu á Bandaríkjamarkaði," sagði Einar Gústavsson forstöðumaður skrifstofu Ferðamálaráðs í New York í samtali við Ferðafréttir.

Aðspurður um skýringar á þessari velgengni á Bandaríkjamarkaði sagði Einar veigamest, að efnahagsástand hefur verið mjög gott í langan tíma í Bandaríkjunum. "Önnur atriði sem skýra þessa aukningu eru meðal annars að við höfum unnið mjög skipulega á þessum markaði. Þó að við höfum haft mjög litla peninga, þá höfum við alltaf verið með hnitmiðaða landkynningu og markaðssetningu.

Fjöldi ferðamanna tvöfaldast
Á þessu átta ára tímabili hefur fjöldi ferðamanna frá Bandaríkjunum og Kanada tvöfaldast og eru það vissulega frábærar fréttir. Hins vegar má ekki líta framhjá því að það fé sem áætlað hefur verið er nánast óbreytt þennan tíma. Það stendur alveg á hreinu að ekki er hægt að reikna með að þetta haldi áfram á þessari glæsibraut nema til komi meira fé, það er alveg kristaltært. Aðrir þættir í velgengninni eru mikið vöruúrval á boðstólum frá framleiðendum. Markaðir breytast endalaust og þá ekki allir í sömu átt. Mikil þörf er orðin á endurnýjun í ferðamöguleikum fyrir Bandaríkjamarkað.

Íslenskir ferðasalar hafa til þessa framleitt ferð, sem síðan er dreift eins á alla markaði. Mjög hæpið er að slík ferð hæfi öllum mörkuðum og er sérhæfing að verða mjög aðkallandi ef góður árangur á að nást. Annað sem menn verða að temja sér ef þeir vilja ná fótfestu á markaði, sér í lagi kröfuhörðum og stórum eins og Bandaríkjamarkaði, er að fylgjast vel með og halda góðu sambandi við markaðinn," sagði Einar.

Hann benti að lokum á, að þeir sem áhuga hafa á að kynna sér Bandaríkjamarkað þurfi ekki annað en að hafa samband við sig á skrifstofunni í New York.

Akureyri:
Rannsóknastaða mönnuð
Björn Sigurjónsson hefur verið ráðinn í stöðu sérfræðings á skrifstofu Ferðamálaráðs á Akureyri. Starfið er á sviði rannsókna í ferðaþjónustu samkvæmt heimild sem fékkst í fjárlögum ársins. Stofnun stöðunnar er hluti af framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í ferðamálum og er gert ráð fyrir að starfið tengist Háskólanum á Akureyri, eins og greint var frá í Ferðafréttum 1. tbl. 1998.

Björn hefur lokið B.Sc. prófi í landafræði frá Háskóla Íslands og M.Phil. í ferðamálum frá University of Strathclyde í Skotlandi. Hann hefur lokið námi frá Leiðsöguskólanum og unnið við leiðsögu í fjögur sumur. Þá hefur hann unnið í gestamóttöku á hóteli í nokkur sumur. Björn hefur undanfarið starfað sem ferðamálafulltrúi Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Hann er 31 árs og ókvæntur.

Handbók ferðaþjónustunnar
Eitt af verkefnum Akureyrarskrifstofu Ferðamálaráðs er að annast útgáfu Handbókar Ferðamálaráðs. Í því felst að uppfæra reglulega efni bókarinnar þannig að það sé í samræmi við veruleikann, þ.e. bæta við nýjum upplýsingum og fella út úreltar. Handbókin er gefin út tvisvar á ári og upplýsingum safnað frá um 1.000 fyrirtækjum og einstaklingum í ferðaþjónustu. Handbókin er seld í áskrift.
Nánari upplýsingar eru veittar á Akureyrarskrifstofunni.

Vel sótt námskeið
Skrifstofa Ferðamálaráðs á Akureyri stóð fyrir námskeiði fyrir starfsfólk upplýsingamiðstöðva í byrjun júní sl. Alls sóttu 27 manns námskeiðið, sem skipt var í tvo hópa. Námskeiðið var haldið á Egilsstöðum fyrir annan hópinn og í Reykjavík fyrir hinn. Auk þess sem farið er yfir skipan ferðamála á Íslandi, verkefni og hlutverk upplýsingamiðstöðva er einn megintilgangur námskeiðsins að skapa tengsl á milli stöðva og stuðla að því að yfirbragð stöðvanna verði líkara innbyrðis.

Akureyrarskrifstofan hefur á liðnum árum staðið fyrir þessu námskeiði, en í ár var því í fyrsta sinn skipt og er áformað að svo verði áfram og það verði haldið í Reykjavík og til skiptis á Egilsstöðum og Akureyri.

Fleiri netspurnir
Fyrirspurnum, sem berast um Internetið, hefur fjölgað mikið síðustu mánuði og misseri. Svo virðist sem þessar netspurnir bætist við hefðbundnar fyrirspurnir sem berast Ferðamálaráði í pósti eða með öðrum hætti. "Þetta virðist vera sama reynsla hér og annars staðar," segir Magnús Oddsson ferðamálastjóri. "Á öllum okkar skrifstofum fjölgar stöðugt fyrirspurnum sem er eðlilegt þegar litið er til aukinnar fjölmiðlaumfjöllunar og kynningar á öllum sviðum.

Við höfum til dæmis nýverið fengið uppörvandi upplýsingar frá skrifstofu okkar í New York sem við rekum í sameiningu með hinum Norðurlöndunum. Þar kemur í ljós að hlutur Íslands í heildarfjölda fyrirspurna eykst, sem gefur vísbendingar um að vaxandi áhugi sé á landinu vestan hafs. Það kemur svo aftur heim við aukinn fjölda ferðamanna þaðan," sagði Magnús. Kosturinn við netspurnir er, að bæði er fljótlegra og ódýrara að svara þeim heldur en hefðbundnum fyrirspurnum.

Nýr starfsmaður í Frankfurt
Nýr starfsmaður kom til starfa á skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands í Frankfurt í Þýskalandi síðastliðið vor. Þá var Kristín Gunnsteinsdóttir ráðin þar til starfa og kemur hún í stað Berglaugar Skúladóttur, sem ákvað að snúa heim til Íslands. Kristín hefur lokið háskólanámi í ferðamálafræðum í Þýskalandi. Ferðamálaráð Íslands býður Kristínu velkomna til starfa og þakkar um leið Berglaugu vel unnin störf á liðnum árum.

Fleiri með háskólamenntun
Sífellt fleiri Íslendingar sækja sér háskólamenntun í ferðamálafræðum og markaðsfræðum með áherslu á ferðamál og hefur þetta fólk góðu heilli verið að skila sér til starfa í íslensku atvinnulífi, ekki síst í ferðaþjónustu. Annað jákvætt atriði er, að menntunin er sótt í ýmsar áttir og kemur þannig víðtæk reynsla og fjölbreytileg þekking inn í greinina hér.

Ferðamálaráð Íslands hefur ekki orðið útundan í þessari þróun. Á síðustu þremur misserum hafa fimm háskólamenntaðir ferðamálafræðingar og markaðsfræðingar verið ráðnir að stofnuninni og starfa nú þar alls sex starfsmenn með sérhæft háskólanám í ferðamálum eða markaðsmálum tengdum ferðaþjónustu. Þau eru:
Björn Sigurjónsson - menntun í Skotlandi
Elías Bj. Gíslason - menntun í Bandaríkjunum
Haukur Birgisson - menntun í Skotlandi
Hákon Sindrason - menntun í Danmörku

Kristín Gunnsteinsdóttir - menntun í Þýskalandi
Oddný Óladóttir - menntun í Kanada